

Föstudaginn 22. desember 1989.

Nr.170/1989.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Jóel Þór Andersen**

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar svo og til upptöku alls afla togskipisins Danska Péturs, VE 423.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem í ákæru getur, en fallið er frá þeim hluta ákæru, er varðar möskva í belg vörpu. Þá er krafist upptöku á afla samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að lokum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð.

Ákærði krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að allur kostnaður vegna áfrýjunar málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda. Til vara er þess krafist, komi til sakfellingar, að refsing ákærða verði felld niður og sakarkostnaði skipt. Til þrautavara er þess krafist, að refsing verði ákveðin eins væg og lög leyfa og vararefsing ekki dæmd. Verði sakarkostnaði þá einnig skipt.

Varðskipið Týr kom að togbátinum Danska Péttri, VE 423, að veiðum með botnvörpu, þar sem slíkar veiðar eru óheimilar, með vörpu með minni möskva en 155 mm.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, mældu varðskipsmenn samtals 60 möskva í vörpu skipsins, eftir að það hafði verið stöðvað. Ber að leggja mælingu þessa til grundvallar í málinu.

Samkvæmt henni reyndist meðalstærð mældra möskva vera 150,3 mm og því undir leyfilegri stærð. Var botnvarpan því ólögleg.

Ákærði hefur því gerst brotlegur við 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, sbr. 12. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, og lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, sbr. lög nr. 45/1974.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 3.657,75 krónum. Með hliðsjón af því þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 200.000,00 króna sekt, er renni til Landhelgissjóðs Íslands samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að taka til greina kröfu ákæruvalds um upptöku afla, og skal andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat á verðmæti veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóel Þór Andersen, greiði 200.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald tvo mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli Danska Péturs, VE 423, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat á verðmæti veiðarfæra svo og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. apríl 1989.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, 1. apríl sl., er höfðað hér fyrir saka-dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. mars sl., á hendur Jóel Þór Andersen, Heiðartúni 6, Vestmannaeyjum, skipstjóra á togskipinu Danska Pétri, VE 423, fyrir fiskveiðibrot „með því að hafa síðdegis miðvikudaginn 29. mars 1989 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 103 brúttórúmllestir og 27,29 lengdarmetrar, í fiskveiðilandhelgi Íslands, í Álnum norður af Vestmannaeyjum, og notað við veiðarnar botnvörpu, sem við möskva-mælingu um borð í skipinu á veiðisvæði reyndist vera búin riðli með undir-málmöskvum sem hér segir:

Af 40 mældum möskvum í poka botnvörpunnar mældust fjórir möskvar 140 mm, 11 möskvar 145 mm, og 11 möskvar 150 mm, samtals 26 af 40 mældum möskvum undir lágmarksmöskvastærð.

Af 10 mældum möskvum í belg botnvörpunnar mældust tveir möskvar 130 mm, þrír möskvar 135 mm og fimm möskvar 140 mm og því allir mældir möskvar undir lágmarksmöskvastærð.

Þá reyndust af 20 möskvum í poka botnvörpunnar, mældum við sérstaka mælingu að ákærða viðstöddum, tveir möskvar 140 mm, sex möskvar 145 mm og fimm möskvar 150 mm, samtals 13 af 20 mældum möskvum undir lágmarksmöskvastærð.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 18. gr., sbr. 1. tölul. 1. mgr., 2. mgr. 17. gr. og 21. gr., nefndra laga, nr. 81/1976, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við þingfestingu málsins, 31. mars sl., lýsti ákærði yfir, að hann óskaði ekki eftir að fá sér skipaðan verjanda í málinu, en fékk að koma að sjónarmiðum sínum, áður en málið var endanlega dómtekið. Ákærði telur sig ekki sekan í málinu, og sjónarmið hans eru fólgin í kröfu um sýknu.

II.

Síðdegis miðvikudaginn 29. mars sl. barst dómsformanni sú tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands, að varðskipið Týr hefði staðið togbátinn Danska Pétur, VE 423, skipasknr. 1146, skipstjóri Jóel Þór Andersen, að togveiðum í Álnum með of smáa möskva. Skipin tóku síðan höfn í Vestmannaeyjum um kl. 21 sama dag.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum 30. mars sl. Lagði þá skipherra varðsupsins fram skýrslu sína, og er hún svohljóðandi:

„Miðvikudaginn 29. mars 1989 stóð varðskipið Týr togbátinn Danska Pétur, VE 423, skipstjóri Jól Þór Andersen, fæddur 6. september 1950, til heimilis að Heiðartúni 6, Vestmannaeyjum, nafnnr. 4944-8112, að ólöglegum togveiðum í Álum N af Vestmannaeyjum. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Miðvikudaginn 29. mars 1989 var varðskipið á eftirlitsferð NA af Elliðaey. Um kl. 16.00 var tekið eftir togbát að veiðum í Álum N af Vestmannaeyjum. Kl. 16.48 var komið að togbátinum Danska Pétri, VE 423, sem var að toga með skutvörpu og hélt í vestlæga stefnu.

Staður: Þrídrangar, fjarlægð 4,56 sjóm. Grasleysa, fjarlægð 2,85 sjóm. Gefur það stað bátsins um 22,6 sjóm. innan leyfilegra marka.

Haft var samband við skipstjóra bátsins og honum sagt að taka inn vörpuna vegna hefðbundins eftirlits.

Kl. 16.48 fór 2. stýrimaður varðsupsins ásamt bátsmanni og háseta yfir í togbátinn Danska Pétur, VE 423, til mælinga. Við mælingu í poka og belg vörpunnar kom í ljós of smáriðið net. Var þá skipstjóra bátsins tilkynnt, að hann yrði færður til hafnar í Vestmannaeyjum, svo að frekari rannsókn gæti farið fram í máli hans.

Kl. 17.10 var staðarákvörðun endurtekin við hlið bátsins: Þrídrangar, fjarlægð 4,13 sjóm. Grasleysa, fjarlægð 2,96 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 22,7 sjóm. innan leyfilegra marka.

Kl. 17.15 kom 2. stýrimaður varðsupsins ásamt bátsmanni og háseta um borð í varðskipið með poka úr vörpu togbátsins.

Skömmu síðar hélt varðskipið til annarra starfa, og lét þá Danski Pétur, VE 423, reka með hluta vörpunnar í sjó.

Um kl. 18.45 var tekið eftir því, að togbáturinn Danski Pétur, VE 423, var enn á svipuðum slóðum og þegar varðskipið skildi við hann kl. 17.55. Var þegar haldið til bátsins.

Kl. 19.13 var komið að togbátinum Danska Pétri, VE 423, sem var þá að toga með skutvörpu og hélt í norðvestlæga stefnu.

Staður: Þrídrangar, fjarlægð 1,49 sjóm. Grasleysa, fjarlægð 5,20 sjóm. Gefur það stað bátsins 24,2 sjóm. innan leyfilegra marka.

Var skipstjóra bátsins sagt að hífa strax inn vörpuna og fylgja varðskipinu til Vestmannaeyja, sem hann gerði.

Kl. 20.55 kom varðskipið til Vestmannaeyja, og um svipað leyti kom togbáturinn Danski Pétur, VE 423, einnig til hafnar í Vestmannaeyjum.

Veður: A 3-8 vindstig, sjór 3-5, skýjað.

Skýrslu þessari fylgir mælingaskýrsla 2. stýrimanns varðsupsins ásamt

ljósriti af sjókorti nr. 321, þar sem staður bátsins kl. 16.48, kl. 17.10, kl. 17.19 og kl. 19.13 er markaður.“

Skipherra varðsupsins Týs svo og þeir tveir skipverjar varðsupsins, sem sáu um mælingu á vörpu skipsins Danska Péturs, VE 423, hafa gefið skýrslu hér fyrir dóminum. Eftir þingfestingu málsins fór fram frekari rannsókn. Nokkur vitni hafa komið fyrir dóminn svo og ákærði bæði fyrir og eftir þingfestingu. Eftirfarandi hefur komið fram í rannsókn málsins og framburði hér fyrir dómi.

Vitnið Sigurður Árnason, skipherra á varðskipinu Tý, staðfesti skýrslu sína hér fyrir dóminum. Vitnið kvað leyfilega möskvastærð botnvörpu vera 155 mm á því svæði, sem ákærði hefði verið með skip sitt að veiðum. Þar sem talað væri um í skýrslunni, dskj. III, 3, að skipið hefði verið að veiðum rúmar 22 sjómílur innan leyfilegra marka, væri átt við mun á svæðum, þar sem annars vegar sé leyfður lágmarksmöskvi 155 mm og hins vegar 135 mm lágmarksmöskvi. Á þessu svæði séu það 12 sjómílna fiskveiðimörkin suður af Surtsey, sem fram komi á sjókorti nr. 31, dskj. III, 6, sem afmarki þá skiptingu. Ákærði hafi verið með skip sitt að veiðum rúmar 22 sjómílur norðan við þessa línu og því á svæði, þar sem lágmarksmöskvastærð botnvörpu sé 155 mm. Vitnið kvað 2. stýrimann varðsupsins og bátsmann hafa mælt vörpu skipsins. Vitnið kvað greinilega koma fram í báðum þeim skýrslum, dskj. III, 2 og 3, sem þeir hefðu gert um mælinguna, að skipið hefði verið með of smáa möskva við veiðarnar. Hinar ólöglegu togveiðar, sem getið væri um í skýrslu þess, kvað vitnið í eðli sínu fólgnar í því, að ákærði hefði verið að veiðum á skipi sínu með of smáa möskva í botnvörpu. Það sagði, að þótt 2. stýrimaður hefði talað um það við sig í talstöðinni, að undirbyrðið í pokanum væri of smáriðið, teldi það ekki, að hér væri um karfapoka að ræða. Vitnið sagði, að staðir skipsins hefðu verið markaðir inn á sjókort nr. 31 og nr. 321 af 2. stýrimanni varðsupsins, og hefði það síðan yfirfarið þær útsetningar, og hefðu staðir skipsins verið rétt markaðir inn á sjókortin, en stuðst hefði verið við mælingu, sem vitnið og 1. stýrimaður varðsupsins hefðu gert. Vitnið sagði, að það hefði óskað eftir því við 2. stýrimann í talstöð, að hann tilkynnti ákærða, að skip hans yrði fært til hafnar, svo að frekari rannsókn gæti farið fram í máli hans, þar sem hann væri að mati vitnisins brotlegur við fiskveiðilögsöguna. Það tók hins vegar fram, að það vissi ekki, hvernig 2. stýrimaður hefði orðið við þessum fyrirætlum, en ástæðan til þess, að þeir hefðu ekki fylgt skipinu strax til hafnar, hefði verið sú, að ætlunin hefði verið að mæla hjá fleiri bátum, sem hefðu verið á sömu fiskislóð, þótt hætta hefði orðið við það vegna versnandi veðurs á svæðinu. Er komið hefði verið að skipinu í síðara skiptið, hefði skipið verið á veiðum með aðra vörpu en notuð hefði verið í fyrra skiptið, og sú varpa hefði við athugun reynst lögleg, dskj. III, 7.

Vitnið Einar Heiðar Valsson, 2. stýrimaður á vs. Tý, sagði, að það hefði ásamt bátsmanninum, Steinari Má Clausen, farið að boði skipherra yfir í Danska Pétur til að athuga veiðarfæri og búnað skipsins. Vitnið sagði, að þeir hefðu komið um borð í þann mund, sem ákærði hefði verið að hífa inn trollið, og sagði vitnið, að um leið og búið hefði verið að losa úr pokanum, hefðu þeir strax farið í að mæla möskva pokans og belgsins. Vitnið sagði, að þeir hefðu fyrst gert 20 mælingar, eins og þeir geri venjulega, og þá hefði sér fundist þetta frekar smátt, eins og vitnið orðaði það. Vitnið sagði, að það hefði þá tekið fleiri mælingar og síðan tilkynnt skipherra varðskipsins, að meðalmöskvastærð pokans, 40 mælingar, dskj. III, 2, væri sennilega um 145 mm (sic). Vitnið sagði, að skipherra hefði þá beðið um, að ákærði samþykkti mælingarnar. Kvaðst vitnið nú hafa farið til ákærða og greint honum frá niðurstöðunum, og í framhaldi af því hefðu til viðbótar verið gerðar 20 mælingar, dskj. III, 3, sem ákærði hefði samþykkt og skrifað undir þá skýrslu. Vitnið sagði, að við mælingarnar hefði verið notuð hin hefðbundna mælistika, en ekki svonefndur Utson-átaksmælir. Vitnið sagði, að það hefði sjálft mælt og farið með stikuna eins langt og það gat og notað við það eins mikið afl og það hafði. Þegar mælt hefði verið, hefði möskvinn verið teygður horna á milli. Netið hefði verið vott, enda pokinn nýkominn úr sjó. Vitnið sagði, að ákærði hefði tekið fram, að hann hefði fengið þennan poka frá netaverkstæði sem 155 mm poka. Vitnið kvaðst hins vegar telja, að hér væri um gamlan, teygðan karfapoka að ræða, þar sem varla gæti verið, að þorspokki hefði hlaupið svo mikið sem raun bæri vitni. Pokinn hefði verið svolítið slitinn. Síðar við rannsókn málsins kom fram hjá vitninu, að það vildi ekki fullyrða, að um gamlan karfapoka væri að ræða, það hefði ályktað sem svo eða getið sér þess til. Eftir þetta hefði verið gerð venjuleg búnaðarskoðun í bátnum, og að henni lokinni hefðu komið þau fyrirmæli frá skipherra að láta skera trollpokann frá og taka um borð í varðskipið. Vitnið kvaðst aldrei hafa berum orðum gefið skipstjóranum fyrirmæli að halda með skip sitt til hafnar, heldur kvaðst það hafa sagt honum, að mál hans yrði væntanlega tekið fyrir hér í Vestmannaeyjum og rannsakað frekar.

Vitnið Steinar Már Clausen, bátsmaður á vs. Tý, staðfesti, að hefðbundin mælistika hefði verið notuð við mælinguna. Það sagði, að pokinn hefði verið tekinn og lagður á dekkið og teygt úr honum, svo að auðveldara hefði verið að komast að honum. Annar stýrimaður, vitnið Einar H. Valsson, hefði stungið stikunni í möskvana, en háseti á ms. Danska Pétri haldið í netið með honum. Vitnið kvaðst hafa skráð allar tölur, jafnóðum og þær bárust frá vitninu Einari. Vitnið tók fram, að auk áður nefnds háseta, sem hefði aðstoðað við mælinguna, hefðu þrír skipverjar á ms. Danska Pétri

fylgst með þeim, er þeir tóku 40 fyrstu mælingarnar. Vitnið sagði, að þeir hefðu síðan farið upp í brú og sýnt skipstjóra tölurnar, og hefði hann síðan fylgst með, er teknar voru 20 mælingar í viðbót.

Ákærði, Jóel Þór Andersen, sagði, er honum var kynnt fram komin kæra og hver væri grundvöllur hennar, að hann hefði keypt þennan poka hjá Veifarfaragerð Vestmannaeyja sem þorspoka og sér þar sagt, að hann hefði verið framleiddur hjá Hampiðjunni hf. í Reykjavík sem 155 mm poki. Hann kvaðst ekki hafa rengt þá í þessu sambandi og ekki mælt pokann sjálfur, en treyst því, að hann væri að kaupa rétta vöru, en ekki svikna, eins og sér sýndist, að hér væri um að ræða. Hann kvaðst hafa keypt pokann í fyrra vetur, og þá hefði trollið verið sett upp. Hann tók fram, að er hann hefði keypt pokann, hefði hann verið nýr og seldur sem löglegur þorspoki. Hann kvaðst eingöngu hafa notað pokann við kolaveiðar og af þeim sökum ekki neima hluta úr ári. Á meðan pokinn hefði ekki verið í notkun, hefði hann verið geymdur inni í veiðarfærahúsi útgerðarinnar. Hann kvað hitastig þar vera sambærilegt því, sem úti væri á hverjum tíma, nema kannski á vetrum, þegar frost væri, þá væri kynnt upp. Taldi hann ekki ósennilegt, að á geymslutíma hefði veiðarfærið verið geymt við 5 til 10 gráðu hita. Hjá þeim hefði verið uppi það vandamál, að pokarnir hefðu vilja togna, og það hefðu þeir gert til skamms tíma. Þeir hefðu þá breytt yfir í það að fá poka, sem hnýttir væru úr 6 mm efni, en hann kvað það sama sverleika og togararnir nota, en svo væri að sjá, að þá virtist þetta geta gerst, að mistognaði á möskvunum og þeir jafnvel hlypu, ef þeir væru ekki undir stöðugu álagi og átaki. Nú undanfarið hefði umræddur poki verið litið notaður og enginn affli komið í veiðarfærið, sem heitið gæti, á þesari vertíð. Í þessu sambandi kvaðst hann ekki efast um, að ef þeir hefðu verið búnir að hifa þennan poka inn fyrir, þótt ekki væri nema þrisvar til fjórum sinnum, kýldan af kola, eins og ákærði orðaði það, væri neðri hluti hans langt fyrir ofan leyfileg mörk. Efri hluti pokans, þar sem átakið væri minna, virtist hins vegar eftir þessa breytingu hlaupa eða breyta sér einhvern veginn þannig, að þeir stæðust ekki lágmarksmöskvastærð. Hann kvaðst hins vegar viðurkenna, að átakið væri mest í neðsta hluta pokans og að þar hefðu möskvar einnig mælst undir lögleyfðri lágmarksstærð. Þótt hann rengdi ekki þær mælingar, sem varðskipsmenn hefðu gert að sér ásjáandi (dskj. III, 3), færi hann fram á, að þessi poki væri mældur og skoðaður af netagerðarmeistara eða af einhverjum öðrum en varðskipsmönnum. Hann kvaðst vita það fyrir vist, að þessar mælingar væru alls ekki 100% réttar. Mælistikan, sem varðskipsmenn noti, sé með 10 mm millimun og 5 mm millibilið sé ágiskun þess, sem mæli. Hann nefndi sem dæmi, að þar sem möskvi væri mældur 150 mm, gæti hann alveg eins verið 152 mm, 154 mm, 158 mm, svo að hér gæti augljóslega aldrei verið um

nákvæma mælingu að ræða. Hann kvað meðalstærð allra mældra möskva vera 150 mm, sem væri 3% frávik frá því, sem leyfilegt væri. Hann lagði áherslu á það, að hann hefði ekki hnýtt þennan poka eða breytt honum á neinn hátt eða breytt möskvunum í honum úr 155 mm og smækkað hann. Í því sambandi benti hann á, að ef hann hefði ætlað að vera með vísitandi ólöglegt veiðarfæri, hefði hann ekki haft 150 mm að meðaltali, heldur niður í 120 mm. Hann fullyrti, að hann fengi engu meiri fisk í þennan poka, þó að einn og einn möskvi væri þar undir máli og aðrir langt yfir, en poka, sem væri með réttum 155 mm riðli og væri jafn. Hann kvað það skoðun sína, að það væri framleiðendanna að svara því, hvers vegna möskvastærð pokans stæðist ekki lágmarksmöskvastærð. Hann kvaðst enga skýringu hafa á því nema þá þetta efni virtist bara breyta sér við venjulega notkun, eins og hér hefði gerst, en hvernig á því stæði, hefði hann enga skýringu á. Hann ítrekaði, að hann hefði keypt pokann sem poka með 155 mm möskvastærð. Hann hefði ekki breytt pokanum að neinu leyti, bætt hann eða hnýtt. Að sínu viti væri það einnig af og frá, að nokkur maður léti sér detta í hug að gera sig sekan fyrir poka, sem mældist að meðaltali með 3% smærri möskva en leyfilegt væri, ekki væri þetta gert vísitandi. Hann kvaðst ekki geta sagt til um, hversu margar veiðiferðir hann hefði farið með þennan poka, en þær væru ekki margar. Hann kvaðst aðeins vera búinn að taka örfá hól með þessu veiðarfæri, e.t.v. ekki meira en svona tíu. Hann kvaðst ekki hafa kannað það, hvort pokinn hefði verið saumaður við millistykkið með úrtökum í, því að það hefði verið gert á netaverkstæðinu, þegar trollið hefði verið sett upp í fyrra vetur. Hann kvaðst ekki vefengja þær staðarákvarðanir, sem varðskipsmenn hefðu gert.

Vitnið Hallgrímur Þórðarson netagerðarmeistari, annar aðaleigandi Veiðarfæragerðar Vestmannaeyja, staðfesti, að ákærði hefði í fyrra vetur keypt umrætt veiðarfæri hjá fyrirtæki vitnisins. Vitnið staðfesti einnig, að veiðarfærið hefði verið selt og afhent ákærða sem 155 mm nýr þorskpoki, sem framleiddur hefði verið í Hampiðjunni hf. í Reykjavík og seldur í umboðssölu til Vestmannaeyja af Kristjáni Ó. Skagfjörð. Vitnið staðhæfði, að pokinn hefði staðist mál, er hann fór frá vitninu. Sem hugsanlega skýringu á möskvaminnkun í þessu sambandi nefndi vitnið, að bátar, sem þurfa að taka poka og hífa hann inn á gjörðinni, gagnstætt því sem væri um báta, sem taki pokann inn um rennu með öllum fiskinum í, þá reyndi í fyrra tilviki minna á allan pokann, einkanlega efri hluta hans, þ.e. þann hluta, sem væri fyrir neðan gjörð, en aftur á móti reyndi vel á þann hluta, sem væri undir gjörð, því að þar strekktist svo mikið á, þegar pokinn væri tekinn inn, að möskvarnar í þeim hluta héldu sér. Ekki hafði vitnið skýringu á því, hvers vegna hluti þeirra möskva, sem væru undir gjörð, hefði ekki staðist mál, og taldi, miðað við þá staðreynd, að ekki gæti í þessu dæmi

komið annað til greina en skýringarinnar væri að leita í vélhnýtingunni, en það tók fram, að það vissi ekki til, að þessi tiltekni poki hefði nokkurn tíma verið bættur. Vitnið kvað einnig reynslu sína sem netagerðarmeistara segja sér, að netagarnið hefði tilhneigingu til að hlaupa. Vitnið nefndi í því sambandi, að þegar farið væri að nota pokann mikið, safnaðist í þetta skítur, sandur og annað, því að netagarnið væri þannig útbúið, að þræðir væru inni í hulsu, og ef sandur kæmist þar inn í, pindi það út möskvann (sic, mismæli, á að vera legginn, innskot dómara) og möskvinn skryppi við það saman. Vitnið sagði, að það hefði ekki bent ákærða á þetta, er það afhenti honum veiðarfærið. Vitnið kannaðist vel við afhendingarseðilinn frá Hamiðjunni hf. með áletruninni: ATHUGIÐ! MÆLIÐ MÖSKV-ANN. HANN GETUR BREYST, og kvað seðilinn ekki hafa fylgt veiðarfærinu, er ákærði fékk það afhent frá vitninu. Ástæðan til þess væri sú, að þessa framleiðsluvöru Hamiðjunnar hf. fengju þeir þaðan í ferköntuðum stykkjum. Vitnið sagði, að þeir byrjuðu á því að brytja stykkinn niður og sníðu þau niður eftir því, hvers konar troll þeir væru að búa til. Vitnið sagði, að í engum tilvikum færu þessir miðar um borð í bátana. Vitnið sagði, að þeir einfaldlega skæru þessa miða af, þegar þeir færu að sníða stykkinn niður. Til skýringar á því, hvers vegna þeir vektu ekki athygli skipstjórnarmanna á ábendingu Hampiðjumanna, sagði vitnið það skoðun sína, að sjómenn vissu, að netið gæti bæði hlaupið og tognað einungis eftir því, hvernig á það reyndi. Vitnið kvaðst alls ekki vita til þess, að mælistika til að mæla netamöskva væri um borð í bátunum, og kvaðst reyndar aðeins vita um einn bát, sem hefði slíka stiku. Vitnið sagði, að umræddur poki hefði verið saumaður við belginn með úrtökum.

Vitnið Birgir Steindór Kristjánsson, framleiðslustjóri netahnýtingardeildar Hampiðjunnar í Reykjavík, staðfesti, að umræddur poki hefði verið framleiddur í Hampiðjunni hf. í Reykjavík, en að tilhlutan dómsins fór vitnið ásamt dóminum og ákærða í vettvangskonunn í gærdag, eins og síðar verður sérstaklega að vikið. Vitnið sagðist ekki vita ástæðuna til þess, að möskvar í umræddum poka hefðu ekki staðist tilskilda lágmarksmöskvastærð, þegar varðskipsmenn mældu möskvana í netinu. Vitnið sagði, að netið hefði að öllu eðlilegu átt að fara frá framleiðanda með möskvastærðinni 155 mm, en í einstaka dæmi hefðu komið upp slys í framleiðslunni, sem væru í því fólgin, að mælt hefði verið skakkt. Sagði vitnið, að netið væri sett í gegnum gufustrekkingu, og þar væri það mannanna verk að stilla það rétt í rétta lengd og slys þá orðið við það, að rangt væri lesið á mælinn eða af hreinni óvandvirkni. Sagði vitnið framleiðanda alltaf reyna að ganga úr skugga um, að hvert net fullnægði lágmarksmöskvastærð. Nánar skýrir vitnið þetta atriði þannig, að fyrst sé netið hnýtt og síðan fari það í gegnum strekkitæki. Sérstakur maður sé hafður í því að mæla

heildarlengd netsins, en hún þyrfti að vera rétt, en aðeins sé tekin „stikk-prufa“ með stiku, lögleiddri stiku, alveg samsvarandi þeirri, er Landhelgisgæslan noti. Vitnið tók hins vegar sérstaklega fram, að það væri heildarmælingin, þ.e. heildarlengd netsins, sem væri látin ráða, en það þýddi í raun og veru, að einn möskvi gæti verið heldur minni en hin tiltekna lágmarksmöskvastærð, en annar svo stærri. Í þessu sambandi sagði vitnið, að það legði þann skilning í 1. gr. reglugerðarinnar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, að það væri meðaltalsmöskvinn í öftustu 8 metrum trollsins, sem mætti ekki vera minni en 155 mm, nánar til tekið, að meðaltal 20 mældra möskva þyrfti að fullnægja lágmarksmöskvastærðinni. Í þessu sambandi var vitninu bent á, að þar sem slíkur meðaltalsútreikningur væri viðhafður, þýddi það í raun og veru, að sumir möskvar væru stærri en aðrir minni, og sem svar við þeirri spurningu, hvað það teldi, að skekkjan (frávikið) mætti vera mikil í prósentum talið, sagði það, að það teldi, að skekkjan (frávikið) mætti vera að meðaltali í kringum 3%, þegar efnið færi frá framleiðanda. Vitnið tók hins vegar fram, að reynt væri að vera með möskvann sem jafnastan. Vitnið sagði, að sá skilningur væri í samræmi við það, sem gildi í löndum Efnahagsbandalags Evrópu, en sú reglugerð, sem þar gildi, dskj. XII og XIII, væri miklu betur skilgreind en hin íslenska. Vitnið sagði, að netagarnið væri úr gerviefninu „polyethylen“, og væri það plastefni. Þetta efni gæti breytt sér, það væri vitað. Ástæðuna sagðist vitnið hins vegar ekki vita. Vitnið tilgreindi þó, að við vettvangsskoðun sína hefði það séð, þegar það hefði skorið í sundur einn möskva, að töluvert var af sandi inni í garninu, sem vitnið sagði, að vitanlega hefði þau áhrif, að möskvinn minnkaði. Vitnið sagði, að vert væri að hafa í huga í þessu sambandi, að gamlir pokar mældust minni en nýir, það hefðu þeir hjá Hampiðjunni hf. rekið sig á og talið stafa af því, að við það að vera á þvælingi, eins og vitnið orðaði það, væri eins og garnið opnaði sig. Er vitnið var spurt, hvort Hampiðjan hf. léti kaupendur vita um það, að möskvarnir í netinu gætu minnkað, — og var þá vitnað til þess, sem vitnið hafði sagt um gamla poka, — sagði vitnið, að hverju neti frá Hampiðjunni fylgdi spjald, dskj. XIV, með ábendingum, þar sem fram kæmu upplýsingar um stærð netsins, og einnig kæmi þar fram beiðni um, að menn mældu netið, því að það gæti breyst. Vitnið kvað þessar ábendingar vera ætlaðar skipstjórnarmönnum og kvað það skoðun sína, að þeir ættu að mæla net sín og hafa á skipi sínu til þess gert spjald. Vitnið nefndi sem dæmi, að vitað væri, að menn væru bæði með svonefnda karfapoka á skipi hjá sér svo og þorspoka, og þegar þeir skiptu um poka, bæri þeim, áður en þeir settu hann í sjó, að mæla pokann. Vitnið sagði, að erfiðara væri hins vegar að setja reglur, er menn væru eingöngu með þorspoka um borð hjá sér, en að sínu mati væri ekki óeðlilegt, að þeir gerðu það annað slagið; t.d. fannst

vitninu, að þeir ættu ekki að byrja veiðiferð („túr“) eða setja út vörpu, sem þeir hefðu ekki notað. Vitnið sagði, að löggiltar mælistikur væru boðnar til kaups í Hampiðjunni hf. Þess skal getið, að er vitnið skoðaði poka botnvörpunnar, var pokinn í vörslu dómsins, og fór skoðunin fram að dóminum viðstöddum og undir eftirliti dómara.

Pótt ekki reyni sérstaklega á það í máli þessu, skal þess getið, að við upphaf málsins voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir mats- og skoðunarmenn til að meta afla og veiðarfæri ms. Danska Péturs, VE 423, til peningaverðs, og komust þeir m.a. að þeirri niðurstöðu í mati sínu, að afli væri 14,5 tonn af blönduðum fiski og að verðmæti 452.582,00 kr. Hinir dómkvöddu mats- og skoðunarmenn, þeir Sigurður Gunnarsson yfirfiski-matsmaður og Hallgrímur Júlíusson netagerðarmeistari, komu fyrir dóm-inn og staðfestu matið.

Í þágu rannsóknar málsins og með vísan til 2. tl. 1. mgr. 105. gr. laga nr. 74/1974 voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir mats- og skoðunarmenn til að skoða og mæla möskva í poka botnvörpu ms. Danska Péturs, VE 423, sem varðskipsmenn höfðu tekið í sína vörslu. Hinum dómvöddu mats- og skoðunarmönnum var enn fremur fyrirlagt að segja til um, hvernig samsetningu þessa tiltekna poka og millistykkis trollsins um borð í Danska Pétri væri háttað með tilliti til, hvort hér væri um að ræða 135 mm eða 155 mm poka. Hinir dómkvöddu mats- og skoðunarmenn, þeir Hallgrímur Júlíusson og Arnmundur Þorbjörnsson netagerðarmeistarar, skiluðu mats- og skoðunargerð, dags. 30. mars sl., dskj. III, 10, og er hún svohljóðandi: „Samkvæmt dómkvaðningu, dagsettri í dag, höfum við undirritaðir mælt möskva í poka botnvörpu ms. Danska Péturs, VE 423, og metið, hvort umræddur poki sé 135 mm eða 155 mm.

I. Mæling möskva í poka hófst þannig, að pokinn var bleyttur, svo að netið varð vel vott. Mælingin sjálf fór þannig fram, að byrjað var á fjórðu síðu frá kolllínumöskva og gerðar 38 mælingar á síðu upp pokann með mælistiku varðskipsmanna. Annars vegar mældu að ósk okkar varðskipsmennirnir Einar Heiðar Valsson, 2. stýrimaður varðskipisins, og bátsmaðurinn, Steinar Már Clausen, sjá meðfylgjandi mælingaskýrslu, fskj. 1 A, og hins vegar mældum við undirritaðir, sjá sama fskj., 1 B. Niðurstöður mælinganna eru eins og fylgiskjalið sýnir. Þess skal getið, að við undirritaðir mældum þremur upptökum til hliðar við mælingu varðskipsmanna.

Fskj. 2. Þá var mælt með 10 kg lóði, sem hékk neðan í mælistikunni á sama hátt og í 1. Niðurstöður urðu eins og fskj. 2 sýnir.

Fskj. 3. Loks voru mældir sömu möskvar og á fskj. 2, annars vegar af varðskipsmönnum, fskj. 3 A, og hins vegar af undirrituðum, fskj. 3 B. Niðurstöður urðu eins og sést á fskj. 3.

II. Athugun á poka og millistykki. Við athugun á poka kom fram, að

hann hafði verið saumaður með úrtökum við millistykki. Við talningu á pokabyrði kom fram, að upptökur voru 30. Síðan var farið um borð í ms. Danska Pétur, VE 423, og taldar upptökur í millistykki, sem reyndust vera 40 á byrði. Þess skal getið, að 2. stýrimaður varðskipsins var viðstaddur ofangreindar athuganir.

Niðurstaða þessarar athugunar leiðir í ljós, svo að ekki verður um villst, að samsetning poka og millistykkis sýna, að þetta er 155 mm poki.

Gert samkvæmt bestu sannfæringu,

Hallgrímur Júlíusson (sign.)

Arnmundur Þorbjörnsson (sign.).“

Rétt þykir að tilgreina hér, hverjar mælingatölurnar voru samkvæmt framanrituðum fylgiskjöllum.

Fskj. 1.

A. Mæling varðskipsmanna. Byrjað á fjórðu síðu frá kolllínumöskva. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

155; 150; 145; 155; 140; 155; 160; 145; 145; 155;
155; 145; 145; 150; 145; 155; 155; 145; 150; 155;
150; 145; 140; 150; 155; 150; 155; 155; 150; 150;
155; 155; 150; 150; 155; 155; 150; 150;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 150,66, sem er 2,8% undir lágmarksmöskvastærð.

B. Mæling hinna dómkvöddu netagerðarmeistara. Byrjað á fjórðu síðu frá kolllínumöskva. Mælt þremur upptökum til hliðar við mælingu varðskipsmanna. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

155; 150; 155; 150; 160; 130; 155; 155; 150; 150;
150; 155; 155; 150; 155; 150; 150; 155; 160; 150;
155; 150; 150; 155; 150; 155; 150; 145; 155; 165;
150; 150; 155; 155; 155; 150; 150; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 152,37, sem er 1,7% undir lágmarksmöskvastærð.

Fskj. 2.

Mæling varðskipsmanna og dómkvaddra netagerðarmeistara sameiginlega. Mælt með 10 kg lóði, sem hékk neðan í mælistikunni, á sama hátt og gert var í fskj. 1. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

145; 145; 145; 145; 145; 145; 140; 150; 150; 145;
140; 145; 145; 145; 145; 145; 140; 150; 150; 150;
145; 150; 145; 145; 150; 145; 150; 150; 145; 150;
145; 155; 140; 155; 150; 155; 150; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 147,11, sem er 5,1% undir lágmarksmöskvastærð.

Fskj. 3.

A. Mæling varðskipsmanna. Sömu möskvar mældir og þegar mælt var með 10 kg lóðinu, sem hékk neðan í mælistikunni, sbr. fskj. 2. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

150; 150; 155; 150; 150; 145; 145; 155; 155; 145;
145; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 150;
150; 150; 150; 145; 150; 150; 150; 150; 145; 150;
150; 155; 145; 155; 150; 155; 145; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 149,87, sem er 3,3% undir lágmarksmöskvastærð.

B. Mæling dómkvaddra netagerðarmeistar. Sömu möskvar mældir og þegar mælt var með 10 kg lóðinu, sem hékk neðan í mælistikunni, sbr. fskj. 2. Fjöldi mældra möskva 38. Möskvastærð pokans:

150; 155; 155; 150; 155; 150; 145; 155; 155; 150;
145; 150; 150; 150; 150; 150; 150; 155; 150; 155;
150; 150; 150; 145; 150; 150; 150; 155; 150; 155;
150; 155; 145; 155; 150; 155; 150; 155;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 38 mældu möskva, og reynist hún vera 151,18, sem er 2,5% undir lágmarksmöskvastærð.

Þá verða hér tilgreindar mælingar varðskipsmanna úti á sjó, en undirmáls-möskvar í þeim mælingum eru tilgreindir í ákæruskjali ríkissaksóknara.

Dskj. III, 2, 40 mældir möskvar. Möskvastærð pokans:

150; 155; 150; 160; 145; 160; 155; 155; 155; 150;
150; 145; 150; 150; 140; 145; 140; 145; 155; 150;
145; 145; 145; 160; 150; 145; 145; 155; 150; 155;
145; 155; 155; 160; 150; 150; 160; 155; 145; 140;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 40 mældu möskva poka botnvörpunnar, og reynist hún vera 150,38, sem er 2,98% undir lágmarksmöskvastærð.

Dskj. III, 3, 20 mældir möskvar til viðbótar af varðskipsmönnum úti á sjó að ákærða viðstöddum. Möskvastærð pokans:

155; 150; 150; 155; 150; 145; 140; 155; 160; 160;
155; 160; 150; 150; 140; 145; 145; 145; 145; 145;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 20 mældu möskva pokans, og reynist hún vera 150,00, sem er 3,23% undir lágmarksmöskvastærð.

Möskvastærð í belg botnvörpunnar mældum af varðskipsmönnum úti á sjó, dskj. III, 2, reyndist vera:

140; 135; 140; 130; 135; 140; 140; 135; 130; 140;

Dómurinn hefur reiknað út meðalstærð þessara 10 mældu möskva í belg, og reynist hún vera 136,50, sem er 1,11% yfir lágmarksmöskvastærð (135 mm) í belg.

III.

Eins og kemur fram í framburði vitnisins Birgis Steindórs Kristjánssonar, framleiðslustjóra netahnýtingardeildar Hampiðjunnar hf., getur skekkjan (frávikið) frá lögboðinni lágmarksstærð numið að meðaltali allt að 3%, er netið fer frá framleiðanda. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar, hvort Landhelgisgæsla Íslands hefur í löggæslustörfum sínum hliðsjón af slíkri skekkju (fráviki). Eðli máls og sanngirnisþjónarmið hljóta að leiða til þess, að miðað sé við þessa skekkju (frávik) við úrlausn málsins, enda er fullljóst, eins og síðar greinir nánar, að möskvar netsins geta minnkað nokkuð við notkun, án þess að slíkt verði greint berum augum. Ljóst er, eins og ákæru í máli þessu er háttað, að við úrlausn málsins verður að miða við þær mælingar, er varðskipsmenn gerðu um borð í skipinu, er það var úti á sjó.

Ekki kemur til greina að mati dómsins að leggja hlutlæga (objektíva) refsíðabyrgð á ákærða í þessu sambandi. Til álita hlýtur því að koma, hvort möskvaminnkunin sé sök ákærða vegna aðgæslu- eða eftirlitsleysis. Upplýst er, að ákærði mældi ekki netið, eftir að það kom í hans hendur, og hann hafði ekki löggilta mælistiku um borð í báti sínum, enda verður að telja það „notoríska“ staðreynd, að slíka mælistiku hafa skipstjórnarmenn almennt ekki um borð í bátum sínum. Í máli þessu þykir að öðru leyti eftirfarandi hafa þýðingu:

Í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, er sett sú meginregla, að lágmarksstærð möskva í að minnsta kosti 8 öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skuli vera 155 millimetrar, en í öðrum hlutum þeirra 135 millimetrar.

Ákæruskjal ríkissaksóknara er grundvallað á þeim mælingum, sem varðskipsmenn gerðu á poka og belg ms. Danska Péturs, VE 423, um borð í skipinu, en varðskipið Týr hafði komið að skipinu, þegar það var á botnvörpuveiðum í Álum norður af Vestmannaeyjum. Telur ákærvaldið, að mælingar varðskipsmanna hafi gefið þá niðurstöðu, að bæði poki og belgur botnvörpunnar hafi verið með of smáriðnum möskva. Ákærði, skipstjórinn á ms. Danska Péttri, hefur réttilega bent á, að leyfileg möskvastærð í belg sé 135 mm, og telur, að sá hluti veiðarfærisins hafi staðist þá lágmarks-möskvastærð. Á það sjónarmið ákærða verður fallist. Kemur þá til álita, hvort poki botnvörpu skipsins hafi verið búinn riðli með undirmáls-möskvum. Ákærvaldið bendir á í því sambandi, að af 40 mældum möskvum hafi fjórir möskvar mælst 140 mm, ellefu möskvar 145 mm, og ellefu möskvar 150 mm, samtals 26 af 40 mældum möskvum undir lág-

marksmöskvastærð. Ekki fær þessi niðurstaða að öllu leyti staðist, þar sem einungis þrír af 40 mældum möskvum reyndust, sbr. dskj. III, 3, vera með möskvastærðina 140 mm og eru því augljóslega 25 af samtals 40 mældum möskvum undir tilskilinni 155 mm lágmarksmöskvastærð í þessum hluta veiðarfærisins. Verður við úrlausn málsins miðað við þá forsendu. Einnig bendir ákærvaldið á, að af 20 möskvum í poka botnvörpunnar, mældum við sérstaka mælingu að ákærða viðstöddum, hafi tveir möskvar reynst vera 140 mm, sex möskvar 145 mm og fimm möskvar 150 mm, samtals 13 af 20 möskvum undir lágmarksmöskvastærð.

Sjónarmið ákærða í þessu sambandi eru þau, að hann hafi keypt poka þann, sem varðskipsmenn mældu, sem þorskpoka og hann hafi verið framleiddur í Hampiðjunni hf. í Reykjavík, og er það staðfest af vitninu Birgi Steindóri Kristjánssyni, framleiðslustjóra netahnýtingardeildar í Hampiðjunni hf., en vitnið gaf skýrslu fyrir dóminum, eins og fram hefur komið hér að framan. Telur ákærði, að sér verði ekki um það kennt, þótt þessi framleiðsluvara frá Hampiðjunni hf. hafi ekki staðist kröfur um lágmarks-möskvastærð. Hann fullyrðir, að hann hafi ekki gert neitt til að breyta möskvunum í pokanum úr 155 mm og smækkað hann. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að svo hafi verið. Þá hafi hvorki geymsla pokans né notkun átt að hafa þau áhrif, að hann yrði ólöglegur.

Fram er komið í málinu, að netagarnið er úr gerviefninu „polyethylen“, sem er plastefni, fléttað úr mörgum þráðum. Í málinu hefur komið fram, að ef sandur kemst inn í þræðina, tútnar garnið út og veldur minnkun möskvans. Einkanlega virðist þetta verða í gömlum netapokum, sem orðið hafa fyrir hnjaski, þótt um venjulega notkun sé að ræða. Ekki verður ákærða um það kennt, þótt möskvar í pokanum hafi minnkað af þessum ástæðum. Ekkert bendir til þess, að geymslu sé um möskvaminnkunina að kenna. Fyrirliggjandi framleiðsluaðferðir virðast ekki tryggja, svo að öruggt sé, að möskvarnir verði allir jafnstórir. Óumdeilt er, að þegar varðskipsmenn mældu möskva pokans, fóru þeir í hvívetna eftir þeirri aðferð, sem beita á skv. reglugerðinni við slíkar mælingar, en í 6. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um hana, og hljóðar hún þannig:

„Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri möskvastærð og tveggja mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.“

Þegar varðskipsmenn mældu netið, var það nýkomið úr sjó. Ljóst er, að löggilt mælistika getur gefið mismunandi niðurstöðu, þar sem ótilteknu handafli er beitt. Þótt einstakir möskvar hafi mælst undir lögboðinni lágmarksstærð, þykir eðlilegt, eins og hér stendur á, að miða við meðalstærð allra (40) mældra möskva, sbr. dskj. III, 2, og allra (20) mældra möskva,

sbr. dskj. III, 3, þegar tekin er afstaða til hugsanlegrar skekkju við mælingu og annarra atriða, sem hér skipta máli. Með hliðsjón af niðurstöðu dómkvaddra mats- og skoðunarmanna, sbr. dskj. III, 10, telst sannað, að umræddur poki botnvörpunnar hefur verið saumaður við millistykkið sem þorskpoki. Þess skal getið, að dómurinn rannsakaði einnig vettvang að þessu leyti.

Meginregla opinbers réttarfars, sbr. m.a. 108. gr. laga nr. 74/1974, er, að sönnunarbyrði um sekt sökunautar og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Allur skynsamlegur vafi er metinn ákærða í hag (in dubio pro reo).

Þar sem ákæruvaldinu hefur ekki tekist að sanna sekt ákærða í máli þessu og með hliðsjón af vafaatriðum og því, sem að framan greinir, þykir verða að sýkna ákærða, Jóel Þór Andersen, af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Ákærði, Jóel Þór Andersen, skipstjóri á ms. Danska Pétri, VE 423, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Sakarkostnað máls þessa skal greiða úr ríkissjóði.

Dóminn kvað upp Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) og meðdómsmennirnir Friðrik Ásmundsson, skólastjóri Stýri-mannaskólans í Vestmannaeyjum, og Finnbogi Ólafsson netagerðar-meistari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóel Þór Andersen, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður máls þessa skal greiddur úr ríkissjóði.
